



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um betrubætur á skiltum við göngugötur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Umhverfis og skipulagsráð samþykkir að koma upp skiltum við göngugötur í Reykjavík sem kveði á um að umferð handhafa stæðiskortahreyfihamlaðra sé þar heimil.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 18. október 2023.

Umsögn:

Handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða hafa heimild skv. 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 til að aka vélknúnum ökutækjum á göngugötum. Reynt er að halda skiltum í borgarlandi í lágmarki til að minnka áreiti og truflun í samræmi við alþjóðlega hefð og reglur um að hafa umferðarmerkingar skýrar og auðlesanlegar.

Umferðarmerki eru almennt ætluð til að sýna fram á boð, bönn, viðvaranir og undantekningar frá reglum og umferðarlögum en ekki til að vekja athygli á því hvað sé heimilt. Hvorki núgildandi reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra né tillaga að nýrri reglugerð sem birst hefur í samráðsgátt stjórnvalda gerir ráð fyrir sérstöku merki til að áréttta að umferð handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra sé heimil á göngugötum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri